

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag tjald- og þjónustumiðstöðvar á Laugarvatni.*  
Í deiliskipulaginu felst að á 9,9 ha svæði er gert ráð fyrir möguleika á stækkun núverandi þjónustumiðstöðvar og á tjaldstæði er gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir aðstöðuhús auk þess sem afmarkað er afþreyingarsvæði og leiksvæði. Þá er gert ráð fyrir nýrri aðkomu að tjaldstæðinu frá þjóðvegi sem einnig mun nýtast hjólhýsasvæði. Að auki er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir nokkur smáhýsi til útleigu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar, Rjúpnabraut 9-11.*  
Í breytingunni felst að lóðamörk lóða nr. 9 og 11 við Rjúpnabraut breytast auk þess sem vegstæði færast.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2010.
3. *Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða í landi Iðu, Veidivegur 12 og 14.*  
Í skipulaginu felst á 1,5 ha svæði er gert ráð fyrir tveimur lóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> frístundahús og 30 m<sup>2</sup> aukahús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. apríl 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 28. september 2010.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2010